# Rafgagnahópur

| | |
|---|---|
| *Dagsetning fundar* | *3. febrúar 2014* |
| *Staðsetning* | *Landskerfi bókasafna* |
| *Efni* | *10. fundur rafgagnahóps* |
| *Mætt* | *Anna Sveinsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Kristína Benedikz, Sigrún Hauksdóttir, Telma Rós Sigfúsdóttir; Þóra Gylfadóttir og Birgir Björnsson* |
| *Fundarritari* | *Sigrún Hauksdóttir* |

## Dagskrá:

- Fundargerð seinasta fundar
- Einn eða enginn leitarflipi – staða mála
- Verkefnalisti
- Stefnumörkun um meðhöndlun lýsigagna?
- Önnur mál

## Fundargerð

Fundgerð 9. fundar var samþykkt.

## Einn eða enginn leitarflipi – staða mála

Telma sýndi framganginn í vinnunni við einn eða engan leitarflipa, ásamt ýmsum breytingum á útliti og tilhögun upplýsinga á niðurstöðusíðunni. Fundarfólk var mjög ánægt með breytingarnar, sjá samantekt á útlitsbreytingum:

## ICE view:

http://primotest.lb.is

- Leit er vísað yfir í Ebsco
  - Ebsco-hnappurinn efst:



- Sama virkni undir „Leitaðu líka í…“ fyrir neðan niðurstöðulista:




- Kassar utan um flokkana og hægt að stilla hversu margir þeirra eru opnir (sjálfgildi):




- „Birta aðeins“ fyrir ofan niðurstöður hafa verið gerðar meira áberandi



- Þrengt við – tillögur:
    - Sami blái liturinn og í hnöppunum:




    - Sami grái liturinn og í flipunum:




## KHI51V:

http://primotest.lb.is/primo_library/libweb/action/search.do?dscnt=1&fromLogin=true&dstmp=1391524796667&vid=KHI51V&fromLogin=true

- Takmörkun við gagnasöfn efst. Okkar gagnasöfn og PCI sameinast ekki („Gagnasafn" birtist tvisvar) en hægt er að birta mismunandi fyrirsagnir:



## Samantekt:

- Hafa 4 atriði í flokkunum í stað 5
- Hafa í láréttu línunni fyrir ofan niðurstöðurnar (top-level) :
    - Íslenska (efni á íslensku)
    - Barnaefni
    - Unglingaefni
    - Rafrænt 1
    - Rafrænt 2
    - Einnig kom fram hugmynd um að setja fjöldatölur fyrir þessa flokka inn í kassana
- Huga að notkun lita, kóða mismunandi upplýsingar með mismunandi litum (hvað með grænt?)
- Rafrænt 1 og Rafrænt 2
- Telma útskýrði að rafræna efnið frá PCI og öðrum gagnasöfnum sameinast ekki. Fundarfólki fannst þessi skipting „Rafrænt 1“ og „Rafrænt 2 „ nokkuð góð en vissulega þarf að finna rétt hugtök / orð fyrir þessa skiptingu
- Breyta leiðbeiningum fyrir einfalda leit:
    - „Orð hlið við hlið / hugtak“
- Fela bX Hot Articles + „Víkka leitarniðurstöður“
- Breyta fyrirsögnum úr „Gagnasafn“ í „ Íslensk gagnasöfn“ og „Erlend gagnasöfn“

## Annað sem stefnt er að:

- Færa RSS og „Bæta síðu í rafræna hillu fyrir ofan leitarniðurstöður til hægri
- Færa Ebsco-hnapp fyrir ofan leitarniðurstöður til hægri

## Verkefnalisti vegna flipalausrar leitar

Allir vorur sammála um að við erum á leiðinni í flipalausa leit / einn leitarglugga. Áður en flipalaus leit verður tekin í notkun verður að kortleggja virknina og hegðun gagnanna. Fyrir næsta fund er æskilegt að allir í rafgangahópnum skoði þessa uppsetningu í prófunarumhverfi leitir.is http://primotest.lb.is/primo_library/libweb/action/search.do?dscnt=1&fromLogin=true&dstmp=1391524796667&vid=KHI51V&fromLogin=true út frá sínu fræðaumhverfi og fræðimönnum:

Nokkur atriði til hliðsjónar:

- Við vitum að gögnin sameinast ekki en þurfum að átta okkur á umfanginu
- Röðun
- Ítarleg leit
- Notkun flokka
- Íslenska efnið

## Stefnumörkun um meðhöndlun lýsigagna?

Við veltum aðeins fyrir okkur meðhöndlun lýsigagna fyrir rafrænt efni en rafgangahópurinn var ekki síst stofnaður til þess.  Í verkefnalýsingu rafgangahóp segir: „Hópurinn vegi og meti ólík sjónarmið og hagsmuni varðandi meðhöndlun rafræns efnis og komi með tillögur um meðhöndlum lýsigagna með tilliti til neðangreindra atriða:

1. Vélræn skráning rafrænna **tímarita** (gagnahleðsla)
2. Vélræn skráning rafrænna **bóka** (gagnahleðsla)

3. Viðhald rafræns safnkosts
4. Kallar eign og áskrift á mismunandi meðhöndlun lýsigagna?
5. Aðgengi endanotanda í gegnum leitir.is[i]

Virkjun rafræns efnis getur verið með mismunandi hætti:

- Handvirk skráning í Gegni (á undanhaldi)
- Vélræn skráning í Gegni  (með gagnahleðslu)
- Virkjun í gegnum Primo Central þjónustuna og SFX krækjukerfi (leitarbært á flipa 2)“

Fundarfólk var sammála um að ekki sé hægt að vera með algildar reglur um meðhöndlun rafræns efnis. Nauðsynlegt sé að meta hvernig meðhöndlun lýsigagna skuli háttað í hvert skipti sem beiðni um að gera rafrænan pakka aðgengilegan kemur á borð Landskerfis bókasafna. Til stuðnings ákvörðunar um hvering efni skuli meðhöndlað þarf að gera skýrann verkferil / gátlista sem yrði gerður aðgegnilegur á vef Landskerfis bókasafna.

## Önnur mál

Engin önnur mál

***Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 24. febrúar, kl. 14-16 hjá Önnu í Náttúrufræðistofnun***